



## SAMPYKKT UM STARFSÞRÓUN, NÁMSORLOF OG RANNSÓKNIR Í SKÓLASTARFI

Sjötti aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 8.- 9. maí 2014 telur brýnt að tækifæri og framboð til starfsþróunar / símenntunar verði aukin til mikilla muna. Tryggja þarf réttindi og möguleika félagsmanna til að stunda starfsþróun / símenntun jafnt á starfstíma skóla sem utan hans.

Taka þarf tillit til bæði þarfa og óska einstaklinga og þróunar og stefnu hvers skóla / skólasamfélags. Innleiðing nýrrar menntastefnu krefst aukinnar símenntunar og þjálfunar starfsmanna skóla og því er afar nauðsynlegt að hlúa vel að þessum málaflokki nú sem aldrei fyrr.

Félagsmönnum sé gert kleift að stunda framhaldsnám á launum samhliða starfi og aðgangur að slíku námi á háskólastigi verði tryggður. Einnig þarf að auka möguleika félagsmanna til launaðra námsorlofa og til þess að stunda rannsóknir samhliða störfum sínum í skólunum.

Brýnt er að auka íslenskar menntarannsóknir á öllum skólastigum og þátttöku Íslands í alþjóðlegum rannsóknnum. Mikilvægt er að ýta undir og greiða fyrir þátttöku félagsmanna í menntarannsóknnum. Fundurinn skorar á yfirvöld menntamála og vinnuveitendur að efla þennan mikilvæga þátt með því að veita auknum fjármunum til hans.

Menntarannsóknir eru ein megin undirstaða þess að kennsluhættir og skólastarf þróist í takt við núverandi ljöggjöf og áherslur í skólastarfi. Efling þessa málaflokks er ein lykilforsenda skólaþróunar á Íslandi.